

Ár 2015, mánudaginn 7. desember 2015, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Gunnari Guðmundssyni og Presti Ríkharðssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 6/2015:**

Ungmennafélagið Afturelding  
gegn  
Knattspyrnufélaginu Val

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Kærandi:**

Ungmennafélagið Afturelding, kt. 460974-0119

Íþróttamiðstöðinni Varmá

270, Mosfellsbær

Fyrirsvarsmaður: Óli Valur Steindórsson

**Kærði:**

Knattspyrnufélagið Valur, kt. 670269-2569

Hlíðarendi

101 Rvk

Fyrirsvarsmaður: Davor Purusic

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 8. ágúst sl., en ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 16. september s.l.. Kærði svaraði með greinargerð þann 16. september s.l.. Kæra barst innan tilhlýðilegs kærufrests.

**II.**

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að viðureign Vals og Aftureldingar í B-deild Íslandsmóts 2. flokks karla sem fram fór að Hlíðarenda miðvikudaginn 2. september 2015 verði dæmd ólögleg.

Kærandi fer jafnframt fram á að leikurinn fari fram aftur, með dómara, aðstoðardómurum og eftirlitsmanni/4. dómara sem allir eru valdir af KSÍ.

Ennfremur er gerð sú krafa að þjálfari Vals, Salih Heimir Porca, og aðstoðardómarar leiksins, Fikret Alomerovic og Pavol Kretovic, hljóti viðeigandi viðurlög fyrir þætti þeirra í að hagræða úrslitum leiksins.

Afturelding fer fram á að leikurinn verði dæmdur ólöglegur, og Val gert að tapa leiknum 0-3. Einnig þurfi að skoða hvort dæmd skuli stig af Val.

Kærði krefst þess að kæru UMFA verði vísað frá sem tilefnislausri og að UMFA verði refsað vegna brota á 16.1 gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál nr. 2/2015 og þjálfarateymi 2. flokks karla UMFA sé refsað vegna brota á 16.2 gr. sömu reglugerðar. Einnig er þess krafist að UMFA sé gert að greiða Knattspyrnufélaginu Val kostnað vegna málsins sbr. heimild í 12.1.4 gr. sömu reglugerðar. Til vara er þess krafist að Knattspyrnufélagið Valur verði sýknað af öllum ákæruatriðum og að UMFA verði gert að greiða Knattspyrnufélaginu Val kostnað vegna málsins sbr. heimild í 12.1.4 gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál nr. 2/2015.

### III.

#### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum í leik Vals og Aftureldingar í 2. flokki karla þannig:

„Málsatvik eru þau að þjálfari 2. flokks Vals, Salih Heimir Porca, hafði hóttað því fyrr í sumar að sjá til þess að línuverðir í umræddum leik yrðu á hans vegum. Þetta yrðu hefndaraðgerðir vegna þess sem hann taldi vera ósanngjarna dómgæslu að Varmá sunnudaginn 23. ágúst. Þjálfari Vals ásakar þjálfara Aftureldingar í þeim leik um að vera með vini sína á hliðarlínunni í kjölfar marks sem Afturelding skorar en Valsmenn vildu rangstöðu. Hlutlausir aðilar í áhorfendastæði þeim megin er markið var skorað voru spurðir eftir leik hvort um rangstöðu hefði verið að ræða og var það samróma álit áhorfenda að svo hefði ekki verið. Fjölmargir þjálfarar í B deild 2. flokks karla geta staðfest að oft í sumar hefur þjálfari Vals kennt dómgæslu um þegar lið hans bíður lægri hlut, og ásakanir um svokallaða heimadómgæslu látanar flakka. Aðstoðardómarar í leiknum að Varmá voru 21 árs gamlir yngri flokka þjálfarar félagsins og líklega 2 af hæfustu dómurum félagsins. Hafa báðir tveir dæmt marga leiki undanfarin ár og hafa báðir dómara réttindi og afar hæfir til verksins. Tvö atvik komu upp í þeim leik þar sem athugasemd var gerð við dómgæslu. Afturelding

krafðist vítaspyrnu í fyrri hálfleik þar sem ekki var dæmt og viðurkenndi dómariinn eftir á að hafa gert mistök þar. Hitt atvikið er svo tilkall Vals til rangstöðu í marki Aftureldingar. Dómarar gera mistök eins og leikmenn og þjálfarar. Þarna voru menn þó augljóslega að gera sitt besta og heilt yfir var leikstjórn leiksins góð og fagleg að mati flestra sem sáu og tóku þátt í leiknum.

Afturelding fær svo aðvörun frá þjálfara 2. flokks karla HK, að heimsókn þeirra að Hlíðarenda hefði verið miður skemmtileg. Línuvarsla í þeim leik hefði verið afar undarleg, t.d. virtust leikmenn Vals hreinlega ekki getað verið rangstæðir, þrátt fyrir að vera fjölmörgum metrum fyrir innan varnarlínu HK. Við þessar fregnir fá þjálfarar Aftureldingar áhyggjur, enda um mikilvægan leik að ræða fyrir bæði Aftureldingu og Val. Yfirþjálfari Aftureldingar hefur samband við dómaraþjóra KSÍ, sem tekur málið alvarlega og gerir dómara leiksins, Sigurði Schram, viðvart.

Nokkrum mínútum fyrir leik mæta svo tveir menn með aðstoðardómarafloegg í hönd. Þeir ræða saman á erlendu tungumáli og eru klæddir í einhverskonar vinnuföt. Þarna urðu þjálfarar Aftureldingar verulega áhyggjufullir um að þjálfari 2. flokks ætlaði sér að standa við hótun sína, þetta hefði ekki verið sagt í hita leiks eins og gengur og gerist.

Þjálfarar Aftureldingar gerðu athugasemd vegna aðstoðardómarana við dómara leiksins. Dómari meðtók athugasemdir og fullvissaði þjálfarateymi okkar um að þeir myndu ekki taka neinar stórar ákvarðanir í leiknum. Þjálfari Vals er spurður hvort þetta séu þeir aðstoðardómarar sem dómaraþjóri Vals hafi valið á leikinn, og bendum þjálfara Vals sem og dómaraþríó leiksins á að við séum meðvitaðir um hótun þjálfara Vals og við séum með videóvél á leiknum til að hafa sannanir ef um einhverskonar hagræðingu væri að ræða. Dómari leiksins fullyrðir að hann muni taka allar stórar ákvarðanir í leiknum en aðstoðardómarar brosa og hlæja að okkur þjálfurum Aftureldingar. Þjálfari Vals svaraði með dónalegum fúkyrðum. Því miður fór svo, að videóvél upptökumannsins var með bilaða rafhlöðu. Við reyndum að útvega nýja rafhlöðu eða nýja vél en tókst ekki. Það voru þó fjölmargir hlutlausir áhorfendur á leiknum, sem geta borið vitni um hvað átti sér stað í leiknum.

Frá fyrstu mínútu var ljóst í hvað stefndi. Augljós atvik um innköst, rangstöður, markspyrnur og hornspyrnur voru dæmdar, af aðstoðardómurum, Val í hag. Sama hversu augljóst atvikið var. Sem dæmi um brotavilja aðstoðardómara má nefna atvik þar sem leikmaður Vals skallar boltann út fyrir endalínu án þess að nokkur leikmaður Aftureldingar sé nálægt. Aðstoðardómari 2 flaggar samt markspyrnu. Leikmenn Vals, og Aftureldingar, allir furðulostnir.

Á 54. mínútu gerist svo stórt atvik í leiknum þegar Afturelding skorar mark sem augljóslega er löglegt mark. Þegar knettinum er spyrrt inn fyrir vörn Vals er sóknarmaður Aftureldingar fjölmörgum metrum fyrir aftan varnarmann Vals, nær að hlaupa hann uppi, leggja boltann fyrir sig og skora fram hjá markverði Vals. Leikmenn Aftureldingar byrja að fagna en þjálfarar Aftureldingar horfa strax á aðstoðardómara 2 og þjálfara Vals. Þjálfari Vals lyftir upp höndinni og veifar eins og hann sé að flagga rangstöðu. Aðstoðardómari 2, sem var ekki í línu við vörn Vals, hvorki þarna né nokkurntíma í leiknum, hleypur niður að endalínu og lyftir flaggi sínu. Því miður fellur dómari leiksins í gildruna og dæmir löglegt mark af Aftureldingu. Þrátt fyrir að hann hafi verið varaður við þessu fyrir leik. Enginn trúði þessu á vellinum, leikmenn Vals meðal annars eru verulega hissa og eru nokkrar mínútur að komast aftur í takt við leikinn, því þeir gerðu ekki tilkall til rangstöðu og hristu hreinlega hausinn að markið hefði verið dæmt af. Á þessu augnabliki biðluðu þjálfarar Aftureldingar til dómara að bregðast við og taka fyrir hendurnar á aðstoðardómurum leiksins. Við kölluðum einnig til hans hvort réttast væri ekki að flauta þennan sirkus af hreinlega. Á þessu augnabliki gengur þjálfari Vals yfir í okkar boðvang og ausir yfir okkur fúkyrðum og segir okkur að við eigum þetta skilið. Við þetta ræddu þjálfarar Aftureldingar hvort þeir ættu hreinlega að taka lið sitt af velli og yfirgefa völlinn, slíkur var skrípaleikurinn. Við þorðum því þó ekki vegna reglugerðar 38.5 (*Þótt félag sé uppvíst að brotum á reglugerðum KSÍ eða knattspyrnulögunum, losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu*) og ákváðum að halda leik áfram, þó ódregilegur væri. Afar erfitt var að hemja leikmenn inn á vellinum en við biðluðum þó til leikmanna að reyna að vera rólegir og sýna íþróttamannslega hegðun. Okkur þykir ekki beint við dómara leiksins að sakast. Þetta var afar erfitt verkefni, en okkur þykir þó að hann hafi átt að sjá, og hefur eflaust gert, hvað var í gangi í leik þessum og hreinlega flauta hann af.

Frá 1. – 90. mínútu mátti sjá að báðir aðstoðardómarar leiksins voru ekki hæfir til verksins. Þeir gáfu röng merki með flagginu allan leikinn, kunnu ekki einu sinni hvernig átti að flagga markspyrnu, veifuðu flagginu upp hliðarlínu í stað þess að veifa flagginu meðfram endalínu. Gáfu oft merki um innkast með fingrunum, í stað þess að benda með flagginu. Voru nánast aldrei í línu við varnarlínuna. Kunnu augljóslega ekki að sinna þessu mikilvæga hlutverki aðstoðardómara. Tilgangur þeirra í þessum leik var augljóslega að hlýða skipunum þjálfara Vals, sem talaði við aðstoðardómara 1 allan leikinn á þeirra móðurmáli, sem enginn annar skildi, nema eitt foreldri á vegum Aftureldingar, sem heyrði og skildi hvað fór þeirra á milli. Þjálfari Vals var að gefa skipanir um hvað ætti að gera, t.d. að dæma rangstöðu á Aftureldingu og dæma markspyrnu þegar Afturelding átti augljóslega að fá horn. Aðstoðardómarar hafa engin réttindi til að dæma leik í B deild Íslandsmóts í 2. flokki karla. Þeir voru augljóslega fengnir til þess að hagræða úrslitum í hag Vals og voru á vegum þjálfara Vals, en ekki félagsins/dómarastjóra. Allar ákvarðanir þeirra í leiknum voru til þess að aðstoða Valsliðið. Leikmenn Aftureldingar eru dæmdir rangstæðir í hvert einasta sinn sem boltanum er spynt inn fyrir vörn Vals, oft er flaggað löngu áður en boltanum er hreinlega spynt í átt að marki Vals. Hinsvegar virtist rangstöðureglan ekki í gildi þegar leikmenn Vals sóttu í átt að marki Aftureldingar, og nokkrum sinnum gerðist það að sóknarmenn Vals hætta leik því þeir átta sig á því að þeir eru rangstæðir, en svo kallar þjálfari Vals á þá að halda áfram, og engin rangstæða dæmd.

Að leik loknum var spennustig allra orðið hátt, leikmönnum og liðsstjórn heitt í hamsi, orðaskipti urðu á milli þjálfara Vals og Aftureldingar þar sem þjálfari Aftureldingar spyr þjálfara Vals hvort þessi framkvæmd leiksins samræmist siðferðisvitund hans og Vals og hvort þetta sé í anda einkunnarorða og gilda Knattspyrnufélags Vals. Þjálfari Vals hótar þjálfurum Aftureldingar ofbeldi, þ.e. að hann muni sjá um okkur síðar, og sakar okkur um rasisma. Ljóst er að aðstoðardómarar leiksins voru fengnir til þess að hagræða úrslitum leikins í samráði við þjálfara Vals, Salih Heimi Porca. Foreldrar leikmanna Vals staðfestu eftir leik að í síðustu tveimur leikjum hafi þetta verið raunin, aðstoðardómarar sem tengjast þjálfara Vals beint og að augljóst hafi verið að þeir áttu að aðstoða Val við að sigr leikinn, sem og að þjálfari Vals hafi persónulega haft samband við þá sem áttu að vera aðstoðardómarar og afboðað þá og þess í stað valið sjálfur aðstoðardómara á

leikina gegn HK og Aftureldingu. Leikmenn Vals báðust afsökunar eftir leik og voru sjáanlega miður sín.

Þarna átti sér stað svívirðing við íslenska knattspyrnu. Fjölmargir áhorfendur voru á leiknum, stuðningsmenn beggja liða, sem og hlutlausir áhorfendur. Öllum var sjáanlega brugðið eftir þennan leik og nú þarf KSÍ að gefa afar skýrt fordæmi að okkar mati. Það má ekki gerast að 2. flokkur karla verði vettvangur hagræðingar úrslita og að menn sjái að viðurlög við slíku séu tekin vettlingatökum. Það gefur bara ýmsum aðilum færi á að nýta slíkt sér og öðrum til hagnaðar, m.a. fjárhagslega. Framkvæmd þessa leiks var íslenskri knattspyrnu ekki til sóma og í raun móðgun við alla sem í honum tóku þátt.“

### **Í greinargerð kærða kemur eftirfarandi fram:**

„Þann 2. september 2015 áttust við lið Vals og Aftureldingar í 2. flokki karla. Valur vann leikinn með 1 marki gegn engu. Þetta er það eina sanna í níu blaðsíðna greinargerð Aftureldingar.

Salih Heimir Porca þjálfara 2. flokks Vals er gefið að sök að hafa hótad því sunnudaginn 23. ágúst að hann myndi hafa vini sína sem aðstoðardómara þegar liðin myndu mætast aftur 2. september. Þetta gæti ekki verið meira fjarri sannleikanum því Salih Heimir og Þór Steinar Ólafs, aðstoðarþjálfari 2. flokks karla ræddu við aðalþjálfara Aftureldingar í kjölfar leiksins þann 23. ágúst að þá sagði Salih Heimir að við myndum sjá til þess að betri dómara myndu dæma leikinn á Hlíðarenda en þeir sem hefðu dæmt leikinn að Varmá. Í þessu fólst engin hótun um heimadómgæslu, þvert á móti vildu Salih Heimir og Þór Steinar sjá til þess að svona skelfileg dómgæsla myndi ekki eiga sér stað aftur eins og var í leiknum að Varmá. Formaður knattspyrnudeildar Vals E. Börkur Edvardsson varð m.a. vitni að dómgæslunni 23. ágúst og er hann til vitnis um það að þar hafi hallað verulega á Knattspyrnufélagið Val.

Ungmennafélagið Afturelding gerir athugasemdir við fatnað aðstoðardómara. Í reglum KSÍ um framkvæmd leikja í 2. flokki eru ekki gerðar sérstakar kröfur um útbúnað aðstoðardómara, bara að þeir hafi dómaraflögg og séu með dómara réttindi. Því miður er það svo að hvorki aðstoðardómari 1 né aðstoðardómari 2 voru ekki með slík réttindi. Venjan er að leikmenn úr venslafélagi Vals sjái um dómgæslu í yngri flokkum og aðstoðardómgæslu í 2. flokki. Það vildi svo til að þeir voru ekki búnir að sinna þessu hlutverki nægilega vel og mætt seint í síðustu tvo leiki. Sökum þess var ákveðið að fá aðra aðstoðardómara til verksins. Var þetta gert í fullri sátt við stjórn knattspyrnudeildar Vals. Haft var samband við Guðlaug Gunnarsson starfsmann KSÍ sem fullvissaði Salih Heimi um að aðstoðardómara í 2. flokki B deild þyrftu ekki að hafa dómara réttindi. Sigurður Gunnarsson, Salih Heimir Porca og Þór Steinar Ólafs sáu um að finna umrædda dómara á leikinn en það er gefið sterklega í skyn að Salih Heimir hafi fengið vini sína til þess að vera aðstoðardómara. Það er alfarið rangt.

Um hæfi aðstoðardómaranna til að dæma þennan leik er það að segja að þjálfarar UMFA gerðu athugasemdir vegna aðstoðardómaranna við aðaldómara leiksins sem taldi ekki þörf á að aðhafast frekar og lét leikinn fara fram. Engar athugasemdir um störf aðstoðardómara í umræddum leik koma fram í leikskýrslu aðaldómara.

Fram kemur í kæru Aftureldingar að þjálfarar félagsins hafi upplýst dómarrátrió leiksins fyrir leikinn á Hlíðarenda um að félagið yrði "... með vídeóvél á leiknum til þess að hafa sannanir ef um einhvers konar hagræðingu væri að ræða". Myndatökumaðurinn stóð á áberandi stað allan leikinn aftan við þrífót í miðri áhorfendastúkunni við upptöku. Í ljósi þess að dómari og aðstoðardómarar höfðu verið upplýstir um að verið væri að taka upp leikinn til að afla sönnunargagna um fyrirfram ætlaða hlutdrægni þeirra, hlýtur að teljast afar ótrúlegt að frammistaða þeirra hafi verið með þeim ólíkindum sem lýst er í kæru Aftureldingar.

Í ljósi giffyrirða Aftureldingar um frammistöðu dómarrátriósins er afar óheppilegt, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, að vídeóvél upptökumannsins hafi verið með "billaða rafhlöðu". Þrátt fyrir að "... reynt hafi verið að útvega nýja rafhlöðu eða nýja vél ..." hafði þjálfari Aftureldingar greinilega ekki verið upplýstur (t.d. í hálfleik) um að rafhlaðan var "biluð", þegar hann hrópaði skömmu eftir 54. mínútu leiksins að þjálfara Vals að "... eigandi fotbolti.net er Aftureldingarmaður og ég skal sko sjá til þess að þetta myndband verði komið á netið á morgun ..."

Furðu sætir að þrífótur Aftureldingar hafi staðið reistur og myndatökumaður fyrir aftan hann allan leikinn, úr því að rafhlaðan reyndist vera "biluð" og "reynt hafði verið að útvega nýja rafhlöðu", þ.a. augljóslega hefði myndatökumanni átt að vera ljóst ef upptaka hefði ekki verið í gangi.

Í kæru knattspyrnudeildar UMFA kemur fram að grunnsemdir þjálfarateymi 2. flokks karla UMFA að um hugsanlega hagræðingu á úrslitum leiksins hafa vaknað þegar þeir heyrðu aðstoðardómara umrædds leiks tala saman á erlendu tungumáli. Knattspyrnudeild Vals hefur ekki upplýsingar um tungumálakunáttu aðstoðardómara á umræddum leik en telur nauðsynlegt að benda á þá staðreynd að umræddrir aðstoðardómarar eiga rætur sínar að rekja frá mismunandi löndum og að þjálfari 2. flokks karla á rætur sínar að rekja til þriðja landsins. Með þessari staðreynd í huga þykir nokkuð ljóst að líklegast er að sameiginlega tungumál sem þessir menn geta talað saman á er annað hvort íslenska eða enska.

Þessar yfirlýsingar um „erlendu menn“ sem hagræða úrslit leikja hér á landi sýna hvað fordómar gagnvart innflytjendum eiga djúpar rætur í hugum einstakra manna í knattspyrnuhreyfingu hér á landi. Í staðinn fyrir að fagna aðkomu innflytjenda að störfum innan knattspyrnuhreyfingar hér á landi reynir þjálfarateymi 2. flokks karla UMFA að tengja það með skipulagðra glæpastarfsemi sem hagræðing úrslita er í raun án þess að færa fram einhverja sannanir fyrir því. Hér er um hreina tilraun til mannorðsmorðs að ræða. Spurning er hvort er þessi málflutningur er í samræmi við yfirlýsta stefnu KSÍ gegnum fordómum.

Í kæru UMFA er vísað til þess að leikmenn 2. flokks Vals hafi ekki fagnað eftir leikinn og verið niðurlátir í leikslok. Það skildi engan undra m.v. þá hegðun sem leikmenn UMFA og sérstaklega þjálfarateymi félagsins sýndu af sér þegar leiknum

lauk, það var beinlínis um stríðsástand að ræða sem var vandlega stýrt af fjölskipuðu þjálfarateymi 2. flokks Aftureldingar og á ekki nokkurt skilt með knattspyrnu. Ýmiss fúkyrði, dónaskapur og hreinlega rasismi fengu að fjúka úr vitum þjálfarateymis UMFA. Eftir slíka uppákomu var engin í skapi til að fagna, hér þarf að hafa í huga að um unga menn er að ræða, óharðnaða unglinga og auðvitað tekur það á að horfa upp á fullorna menn, menn sem eiga að vera fyrirmyndir leikmanna, að hegða sér með jafn ofsafengnum hætti og raun bar vitni.

Að lokum vill svo Knattspyrnufélagið Valur lýsa yfir vonbrigðum sínum á hegðun UMFA. Valur reyndi að leysa málið í mesta bróðerni með því að biðjast afsökunar á því sem betur mátti fara í framkvæmd leiksins. UMFA sá aftur á móti ekki ástæðu til þess að biðjast afsökunar á hegðun sinni og dónaskap. Aftur á móti var ákveðið að fara með málið í kærufarli innan KSÍ á afar veikum rökum. UMFA þarf að átta sig á því að í knattspyrnuleik verða oft dómaramistök, þeir gera mistök eins og leikmenn og þjálfarar – það er partur af leiknum. Í leik Keflavíkur og Breiðabliks í Pepsi deild karla í sumar skorðu Breiðablik tvö lögleg mörk sem dæmd voru af vegna rangstöðu, það sönnuðu video upptökur eftir leikinn. Í lokaleik Pepsideildarinnar í fyrra, sem jafnframt var hreinn úrslitaleikur milli Stjörnunnar og FH gerði aðstoðardómari afar afdrifarík mistök er hann flaggaði ekki rangstöðu á leikmann Stjörnunnar sem var langt fyrir innan vörn FH þegar boltanum var spyrrt – dómarar og aðstoðardómarar gera mistök í öllum þrepum knattspyrnunnar. Hafi það verið þannig að leikmaður UMFA hafi ekki verið rangstæður í umræddum leik, sem kæran byggir á, þá hafa það einfaldlega verið mannleg mistök dómarans, ekki svindl, óheiðarleiki eða hvað þá skipulögð glæpastarfsemi!“

#### **Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu:**

Samkvæmt reglugerð 19.3 *skal heimalið tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum 2. flokks karla, B-Deild Íslandsmóts.*

Samkvæmt reglugerð 19.5 *skal leik frestað hafi dómari eða aðstoðardómarar með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs. Þessi regla á við þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara. Hvað Aftureldingu varðar mættu aldrei aðstoðardómarar með tilskilin réttindi né kunnáttu til leiksins.*

Í reglugerð 4.1 segir: *„Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.“* Fjölmargir áhorfendur voru á leik þessum og var þeim sem og ungum og efnilegum íþróttamönnum sem tóku þátt í leiknum afar brugðið yfir því sem á gekk. Færa má rök fyrir því að heiðarleiki og sannur íþróttandi hafi ekki verið



í hávegum hafður í leik þessum. Við teljum íþróttina hafa verð vanvirta af þjálfara Vals og aðstoðardómurum leiksins.

Í reglugerð 4.2 segir: „*Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.*“ Knattspyrnufélagið Valur ber ábyrgð á framkvæmd leikins en samkvæmt heimildum Aftureldingar tilnefndi dómaraastjóri Vals 2 aðstoðardómara á leikinn en þjálfari Vals hafði samband við þá og afboðaði þá og fékk þess í stað þá sem gegndu hlutverki aðstoðardómara í leiknum, Fikret Alomerovic og Pavol Kretovic.

Kröfur Knattspyrnufélagsins Vals eru byggðar á ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál nr. 2/2015 einkum 12.1.4, 16.1 og 16.2 gr. hennar.

#### IV.

##### Niðurstaða:

Í ljósi þeirra alvarlegu athugasemda kæranda um framkvæmd leiksins sem fram komu í málinu hjá kæranda ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að kalla fyrir dóminn aðila og vitni. Voru aðila- og vitnaleiðslur haldnar þriðjudaginn 10. nóvember s.l. á skrifstofu KSÍ. Eftirtalin vitni og aðili mættu í skýrslutökur:

Sigurður Schram dómari leiksins,  
Salih Heimir Porca þjálfari Vals,  
Pavol Kretovic, aðstoðardómari,

Þá gaf Óli Valur Steindórsson fyrirvarsaður Aftureldingar aðilaskýrslu.

Jafnframt var hringt í eftirfarandi aðila og skýrsla tekin af þeim:

Bjarki Gunnlaugsson, áhorfandi  
Þorgeir Örn Tryggvason, áhorfandi  
Magnús Jónsson, dómaraastjóri KSÍ  
Edvard Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals  
Birkir Örn Gylfason dómaraastjóri Vals.

Samkvæmt grein 19.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót ber KSÍ ábyrgð á því að skipa dómara á leiki í B deild í 2. flokki karla. Ljóst er að KSÍ dómari mætti til leiks, og skv. grein 19.5. sömu reglugerðar er honum heimilt að fresta leik ef aðstoðardómarar eru ekki mættir til leiks. Kærði ber ábyrgð á því að tilnefna aðstoðardómara og mættu þeir til leiks án þess að dómari gerði athugasemdir við þá tilhögun.

Á leikskýrslu og við vitnaleiðslur kom fram að Afturelding gerði athugasemdir við aðstoðardómarana en fór ekki fram á það að aðstoðardómarar með réttindi yrði

kallaðir til leiks. Dómarastjóri KSÍ hafði sérstaklega rætt við dómara leiksins fyrir leik og lagt áherslu að hann tæki allar stærri ákvarðanir í leiknum.

Ljóst er af skýrslutöku yfir áhorfendum og samkvæmt vitnisburði dómara leiksins að ýmislegt mátti finna að störfum aðstoðardómara og voru nær allar ákvarðanatökur þeirra kærða í hag. Fram kom einnig að dómari hafi stjórnaði leiknum og sinnti þá oft ekki ákvörðunum aðstoðardómara.

Við vitnaleiðslur kom fram að Salih Heimir Porca, þjálfari kærða, boðaði umrædda aðstoðardómara. Var það þvert á vilja dómarastjóra Vals, sem þegar hafði boðað aðstoðardómara til leiks og var hann ekki hafður með í ráðum þegar ákveðið var af forsvarsmönnum knattspyrnudeildar og þjálfara Vals að þjálfari Vals gæti boðað aðstoðardómara til leiks. Engar sannanir komu fram um að þeir aðstoðardómarar sem að almennt sinntu störfum fyrir Val hafi gert það illa eða mætt illa utan tveggja tilvika um sumarið. Jafnframt kom fram að Valur hefur tekið þá vinnureglu upp að þjálfurum er óheimilt að boða aðstoðardómara til leiks. Slíkt skal í öllum tilvikum fara í gegnum dómarastjóra félagsins.

Ljóst er af málavöxtum að það er andstætt viðteknum venjum hjá kærða að Salih Heimir Porca þjálfari Vals hafi boðað aðstoðardómara sem kunningskapur var við í síðustu tvo leiki Íslandsmótsins.


Af vitnaleiðslum verður þó ekki ráðið gegn eindregnum andmælum bæði þjálfara Vals og aðstoðardómara að staðið hafi til að hagræða úrslitum leiksins með óheiðarlegri dómgæslu. Telja verður þó ámælisvert hvernig að vali aðstoðardómara var staðið hjá kærða í ljósi þeirra reglna sem giltu um þessi mál hjá félaginu.

Aga- og úrskurðarnefnd er ekki bær til að taka afstöðu til frammistöðu og einstakra ákvarðanda dómara og aðstoðardómara í leik. Slíkar ákvarðanir um atvik leiksins eru endanlegar skv. 5. grein knattspyrnulaga. Ekki verður séð á kæru kæranda á hvaða lagagrundvelli aga- og úrskurðarnefnd ætti að heimfæra kröfugerðina og er kröfugerð kæranda mjög áfátt. Með vísan til framanritaðs og gegn eindregnum mótmælum kærða verður vart séð með hvaða hætti óeðlilegum afskiptum aðstoðardómaranna um úrslit leiksins verði sönnuð eða rökstudd.

V.

#### Úrskurðarorð:

**Kærði, knattspyrnudeild Vals er sýknuð af öllum kröfum kæranda, Ungmennafélagsins Aftureldingar.**

  
Guðnar Guðmundsson

  
Sigurður Guðmundsson

  
Þrostur Ríkharðsson

#### Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.